

**Mál nr. 124/2018****M og  
V v/kæli- og frystivöruþryggingar****Tjón á framleiðsluvörum (frosin rækja).****Gögn.**

Málskot M, mótttekið þann 20.4.2018, ásamt fylgiskjölum.  
Bréf V, dags.13.10.2017.

**Málsatvik.**

Samkvæmt því sem fram kemur í erindi M kom upp bilun sumarið 2016 í frystikerfi í frystiklefa hjá M, þar sem hráefni var geymt – m.a. 35 tonn af frystum rækjum. Að mati M olli bilunin því að lekabytta stíflaðist í þeim hluta klefans þar sem hráefnið var geymt, þannig að vatn flæddi yfir. Að mati M leiddi bilunin til þess að hluti hráefnisins afþýddist svo slaknaði tímabundið á vörunni sem síðan fraus aftur eftir að gert hafði verið við bilunina. Samkvæmt upplýsingum frá M kom bilunin í ljós þann 28. ágúst 2016. Að sögn M var gert við bilunina samdægurs. Samkvæmt upplýsingum M var talið að hitaþræðir í frárennislögn við frystibúnað hafi ekki virkað sem skildi, sem hafi leitt til hækunar hitastigs í klefanum með tilheyrandi afleiðingu fyrir hið frysta hráefni. Ekki er ágreiningur um að varan sem málskotsaðili geymdi í frystigeymslunni var í góðu ástandi þegar hún var keypt.

Matís mat gæði hinna umræddu afurða (þ.e. pillaða rækja) eftir að hún hafði verið unnin hjá M. Rækjan var unnin í desember 2016, þ.e. eftir að hið meinta tjón varð á hráefninu. Matís staðfesti að rækjan hefði orðið fyrir hitasveiflum þar sem hún var tætt eftir ískristalla. Niðurstaða Matís var sú að umrædd rækja hafi orðið fyrir gæðarýrnun vegna hitasveiflnanna. Að mati Matís er þó ekki sé hægt að fullyrða um það hvar og hvenær sú gæða rýrnun á vörunni hafi átt sér stað. Þá kom enn fremur fram í niðurstöðum Matís að gæðarýrnunin hafi ekki haft áhrif á heilnæmi vörunnar, þó gæðin hafi minnkað hafi áfram verið að nýta vöruna til matvælaframleiðslu þó gæðin hafi ekki lengur dugað til hágæðaframleiðslu.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, með vísan til þeirra gagna sem hafa verið lögð fram fyrir nefndina, verður ekki séð að hægt sé að fullyrða með vissu hvar og hvenær tjónið hafi átt sér stað sbr. niðurstöðu Matís. Með vísan til þess er bótaskyldu V hafnað.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kæli- og frystivöruþryggingu hjá V.

Reykjavík 5. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Lúðvík Bergvinsson lögm.